

FUNDARGERÐ

Fundur: Raforkuhópur 2000-04

Fundartími: Föstudagur 12. maí 2000 kl. 10:00

Fundarstaður: Orkustofnun, Grensásvegi 9

Fundarefni:

- 1. Raforkunotkun á fyrstu þremur mánuðum ársins.**
- 2. Notkunarflokkar raforku 1999.**
- 3. Aflþörf raforkukerfisins 1999.**
- 4. Endurskoðun húshitunarspár.**
- 5. Önnur mál.**

Á fundinn mættu:

Raforkuhópurinn:

Ívar Þorsteinsson
Ólafur Pálsson
Guðmundur Guðmundsson
Jakob Ólafsson
Jón Gestur Hemannsson
Rán Jónsdóttir

Verkfræðistofan Afl:

Jón Vilhjálmsson

1. JV dreifði töflum yfir raforkunotkun á fyrstu þremur mánuðum ársins. Þar kemur fram að raforkuvinnsla hefur aukist um 12,6% á fyrsta ársfjórðungi. Flutningstöp hafa aukist um 24,0% og eigin notkun Landsvirkjunar um 27,5%. Eigin notkunin vex þetta mikið vegna þess að mæling hafði fallið niður á notkun í Kröflu á fyrsta ársfjórðungi 1999. Töpin minnkuðu um 28% á fyrsta ársfjórðungi á síðasta ári en á fyrsta ársfjórðungi 1998 voru þau 67 GWh en 60 GWh núna þannig að þau eru þó ekki orðin eins mikil og fyrir tveimur árum síðan. Stórnotkun vex um 15,2% og almenn notkun með notkun Landsvirkjunar vex um 8,5%. Aukningin er mikil í ótryggðu orkunni eða 33% en 5,2% í forgangsorkunni. JV dreifði þá töflum um notkunina leiðrétt út frá lofthita en fyrstu þrjú mánuðir ársins voru hlýrri en á síðasta ári eða 0,1°C í stað -0,7°C. Aukning notkunar eykst því við hitastigsleiðréttingu en á móti því kemur leiðrétting vegna hlaupárs og jafnar þetta nokkurn veginn hvort annað út. Leiðrétt notkun forgangsorku eykst um 5,1% á fyrsta ársfjórðungi ársins. JV sagði að þetta væri meiri aukning en við höfum séð undanfarin ár og taldi eina skýringu góða loðnuveiði en einnig væri góðærið greinilega að skila sér í mikilli notkun. Hann afhenti fulltrúum veitnanna samantekt á þróunina hjá þeim á fyrsta ársfjórðungi og kemur þar fram mikil aukning forgangsorku hjá Hitaveitu Suðurnesja (11,1%), Rafveitu Hafnarfjarðar (10,1%) og Orkuveitu Reykjavíkur (7,1%). Ein skýring á mikill aukning hjá Hitaveitu Suðurnesja er mikil aukning í sölu á ótryggðri orku (61,5%), en dreifitöp af þeirri notkun eru talin með forgangsorkunni, en önnur ástæða gæti verið aukin raforkuvinnsla í Svartsengi og samhliða því aukin eigin notkun. Aukning er einnig hjá Rafveitu Akureyrar (3,3%) og Rafmagnsveitum ríkisins (1,9%) en minnkun hjá Orkubúi Vestfjarða (-1,1%). Nokkur umræða var um ástæður þessarar miklu aukningar og var þá helst minnst á þann uppgang sem nú er á suðvesturhorni landsins.
2. JV dreifði töflum um notkun forgangsorku til almennra nota árin 1992-99 eftir notkunarflokkum. JV benti á að heimilisnotkun hafi vaxið um 20 GWh á síðasta ári en meðalaukning síðustu 7 ára er 10 GWh. Uppgangur í efnahagsmálum er þannig farinn að skila sér í aukinni heimilisnotkun enda er fólksflutningar nú til landsins auk þess sem mikið sala er í fasteignum og einkaneysla hefur

aukist mikið. Mikil aukning er einnig í þjónustustarfsemi og þar jókst notkun um 35 GWh á síðasta ári en meðalaukningin er tæpar 20 GWh/ári síðustu 7 árin. Aukningin er mest í flokknum Veitingarstaðir og síðan í Menningarmál. JV dreifði þá töflum úr raforkuspánni þar sem orkunotkun síðasta árs hefur verið sett inn. Á síðasta ári var almenn notkun forgangsorku með dreifitöpum 2 GWh meiri en áætlað spánni frá 1997 og hefur því þessi þáttur spárinnar staðist mjög vel. Stóriðjan var 64 GWh meiri en áætlað var vegna þess að þá var gert ráð fyrir að Áburðarverksmiðjan hætti framleiðslu auk þess sem notkun íslenska álfélagsins hefur vaxið. Flutningstöp voru síðan 15 GWh meiri en áætlað var. Þegar litið er á einstaka flokka almennrar notkunar sést að heimilisnotkun, landbúnaður, þjónusta og veitur hefur verið vanáætlað en iðnaður og annað ofáætlað. Þegar litið er á einstaka landshluta hefur almenn forgagnsorka verið vanáætluð á Suðurnesjum, höfuðborgarsvæðinu og Suðurlandi en ofáætluð á Vestfjörðum, Norðurlandi og Austurlandi.

3. JV sagðist vera búinn að fá mest öll aflagögnin og þau eru mikið til komin inn í gagnagrunninn. Hann sagði að vandamál væri ætíð með gögn frá Hitaveitu Suðurnesja þar sem mikið væri um göt í þeim gögnum og einnig virtist sem aukin vinnsla í Svartsengi kæmi ekki fram í gögnunum.
4. JV sagði að nú væri starfandi nefnd um niðurgreiðslur á raforku til hitunar íbúðarhúsa sem ætti að fjalla um hvernig háttáð yrði auknu fjármagni til þeirra hluta. Einnig sagði hann að önnur nefnd væri að hefja störf sem ætti að fjalla um framkvæmd niðurgreiðslna auk þess sem starfandi væri nefnd um hagkvæma orkunýtingu á þessu sviði. Hann sagði að líklegt væri að út úr þessari vinnu kæmu upplýsingar sem hægt væri að nota varðandi endurskoðun á húshitunarspá. Nokkur umræða varð um þennan þátt.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl 11:40. Næsti fundur ákveðinn 5. september 2000.

Dreift var á fundinum:

Raforkunotkun 2000, 1. ársfjórðungur. (JV)

Almenn raforkunotkun leiðrétt út frá lofthita, 1. ársfjórðungur. (JV)

Raforkunotkun á Íslandi 1992-99.
Forgangsorka til almennra nota. (JV)

Töflur úr raforkuspá þar sem orkutölum ársins 1999 hefur verið bætt inn. (JV)

Fundarmönnum voru afhentar töflur um raforkunotkun á fyrsta ársfjórðungi 2000 á veitusvæðum viðkomandi veitu. (JV)